

MYNDLISTASKÓLINN

ÁFANGA- OG MARKAÐSSTJÓRI

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir starf áfanga- og markaðsstjóra laust til umsóknar. Áfanga- og markaðsstjóri heldur utan um skráningar og námsferla nemenda í námsumsjónarkerfinu inna.is, sér um vefsíðu, samfélagsmiðla og annað kynningarefni skólans og hefur samskipti við fjölmiðla og aðra auglýsendur.

Við leitum að einstaklingi með menntun í myndlist eða hönnun, góða almenna tölvukunnáttu, hagnýta þekkingu á samfélagsmiðlum, gott vald á íslensku og ensku og áhuga á markaðsmálum. Jákvæðni og samstarfslipurð, skipulagshæfileikar og nákvæmni eru nauðsynlegir kostir. Um fullt starf er að ræða og er það laust frá og með miðjum ágúst.

Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem forsendur umsóknar og framtíðarsýn umsækjanda koma fram. Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans eða á netfangið umsoknir@mir.is fyrir kl. 16:00 föstudaginn 31. maí.

Upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skolastjori@mir.is.

Í REYKJAVÍK

UMSJÓNARKENNARI ÓSKAST Á YNGSTA STIG



Sjálandsskóli óskar eftir að ráða umsjónarkennara í 100% starf á yngsta stig. Í skólanum ríkir góður starfsandi þar sem allir starfsmenn vinna saman að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með bekk
- Standa vörð um nám og velferð nemenda
- Vera í samstarfi við foreldra
- Taka þátt í þróun skólastarfsins

Menntun, reynsla og hæfni:

- Leyfisbréf á grunnskólastigi
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar
- Vilji til að starfa í teymi að sveigjanlegu skólastarfi
- Kostur er að viðkomandi hafi reynslu af kennslu á yngsta stigi

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2019. Ráðið verður í starfið frá 1. ágúst 2019. Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðbæjar <https://starf.gardabaer.is>

Qualified Person

We are currently looking for a talented individual to join our Third Party Quality team in Iceland and step into the role of Qualified Person (QP). QP is a specialist at the Quality Assurance department with special permission from the regulatory authority to release products to the market.

Key tasks and responsibilities:


- Release of products to the market in accordance with EU GMP
- Review stability reports from contractors and Teva companies
- Handling change requests
- Handling of complaints and recalls
- Evaluation/approval of deviations and CAPAs
- Evaluation of OOS results
- Preparation, approval and maintenance of SOPs
- Approve contractors/internal PQR reports
- Acting as SME for audits of contractors and suppliers
- Quality support for contractors

Qualifications:

- Master degree in Pharmacy or Natural Science
- Substantial experience working in a pharmaceutical quality function
- Knowledge of the principles and guidelines for GMP
- Strategic and analytical thinking, problem solving and decision-making approach
- High accurate skills
- Ability to work well in a team and independently
- Good communications and planning skill

Please apply on our website <https://careers.teva/job> where you can find a more detailed description of the position.

All CV's must be in English. For more information regarding the position, please contact Anna Klebert, Anna.Klebert@Teva.eu




Actavis
www.actavis.is



Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður

Lögmaður

Starf lögmanns hjá embætti borgarlögmanns er laust til umsóknar.

Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsfólks. Embætti borgarlögmanns er með aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar eru stöðugildi átta lögmannna auk skrifstofustjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf eða meistaraþróf í lögfræði
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi
- Reynsla af málflutningi æskileg
- Þekking á stjórnarsýslurétti er kostur
- Þekking á opinberum innkaupum og/eða útboðs- og verktakarétti er kostur
- Góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð og færni í samskiptum

Helstu verkefni:

- Lögfræðilegar álitserðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar
- Undirbúningur dómsmála og málflutningur
- Meðferð stjórnarsýslumála
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

Um er að ræða fullt starf og greiddast laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ebba Schram borgarlögmaður í síma 411 4100 eða í gegnum netfangið ebba.schram@reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til 5. júní nk.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Laus störf hjá Kópavogsbæ

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir deildarstjórum, leikskólakennurum, sérkennara og þroskaþjálfara.

Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir húsverði, námsráðgjafa, heimilisfræðikennara, umsjónarkennara á miðstig, sérkennara, dönskukennara, umsjónarkennara á yngsta stig, stuðningsfulltrúa og skólariturum.

Á velferðarsviði er óskað eftir ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks, sjúkraþjálfara, sjúkraliða og félagsliða í Roðasali og starfsmönnum í íbúðakjarna.

Á bæjarskrifstofum Kópavogs er óskað eftir leikskólaráðgjafa

Einnig eru laus störf frístundaleiðbeinenda í félagsmiðstöðvunum Föenix og Igló.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Sérfræðingur á fjármálasviði

Mannvit óskar eftir að ráða öflugan sérfræðing á fjármálasviði. Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að áætlanagerð, greiningarvinnu og almennum bókhaldsstörfum.

Helstu verkefni:

- Áætlanagerð og greiningarvinna
- Afstemmingar, uppgjör og almenn bókhaldsstörf
- Verkbókhald og frávikagreining
- Reikningagerð og innheimta
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða sambærilegt
- Reynsla og þekking á bókhaldi, uppgjörsvinnu og rekstri
- Mjög góð Excel kunnátta
- Þekking og reynsla af Navision
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí.

Sótt er um starfið á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri í síma 422 3401 og netfangi hildur@mannvit.is.

Mannvit veitir ráðgjöf og þjónustu á sviði verkfræði, tækni og nýsköpunar. Hjá okkur starfar öflugur hópur verkfræðinga og tæknimennaðs starfsfólks með fjölbreytta reynslu. Sérþekking okkar liggur í verkfræði, jarðvísindum, umhverfismálum, verkefnastjórnun og heildarumsjón verkefna. Mannvit er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem starfsfólki líður vel og hefur tækifæri til að móta framtíðina.



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022



MANNVIT

ERT ÞÚ MARKAÐS- MANNESKJA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR LEIKHÚSI?



Borgarleikhúsið leitar að skapandi og hugmyndaríkum markaðsstjóra sem hefur drifkraft og metnað til að ná árangri í starfi. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun og eitt elsta menningarfélag landsins, 122 ára gamalt. Félagið annast rekstur Borgarleikhússins skv. sérstökum samningi við Reykjavíkurborg. Hjá félaginu starfa milli 180-200 manns með metnað, fagmennsku og framsýni að leiðarljósi. Borgarleikhúsið er fjölsóttasta leikhús landsins og sviðsetur um 15 leiksýningar á ári auk ýmissa annarra viðburða.

Markaðsstjóri

HELSTU VERKEFNI

- Yfirumsjón markaðsmála og mótun stefnu markaðsdeildar
- Ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun
- Ábyrgð á markaðs- og kostnaðaráætlunum, framkvæmd og eftirfylgni
- Ábyrgð á ímyndar- og markaðsmálum leikhússins
- Samskipti við auglýsingastofur og fagaðila á sviði markaðsmála
- Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla
- Forsvar fyrir fyrirtækja- og hópasölu


MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræði, framhaldsmenntun í markaðsfræði er kostur
- Mikil reynsla af markaðsmálum og markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- Sköpunargleði og gott auga fyrir hönnun
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk.

Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurlaug Jónsdóttir (sigurlaug.jonsdottir@capacent.is).

borgarleikhus.is



HEFUR ÞÚ ÞAÐ SEM TIL ÞARF?

Torg ehf. leitar að öflugum liðsmanni/konu í hlutverk söluráðgjafa á Fréttablaðinu, mest lesna dagblaði landsins.

Í starfinu felst:

- Sala auglýsingabirtinga til helstu viðskiptavina Fréttablaðsins.
- Þjónusta við viðskiptavini, umsýsla og úrvinnsla birtinga.
- Öflun nýrra viðskiptavina og sölutækifæra.

Starfið krefst mikillar hæfni í mannlegum samskiptum, getu til að vinna sem hluti af öflugri söluteymi sem og sjálfstætt við öflun nýrra viðskiptavina. Laun eru að hluta árangurstengd og tekjumöguleikar góðir.

Torg ehf. er útgáfufélag sem sérhæfir sig í prent- og stafrænum miðlum. Torg gefur út Fréttablaðið, mest lesna dagblað landsins, Markaðinn, viðskiptablað sem fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum, og tísku- og lífsstílstímaritið Glamour. Stafrænir miðlar í eigu Torgs eru FRÉTTABLAÐID.IS, MARKAÐURINN.IS, GLAMOUR.IS, ICELANDMAG.IS og MIDI.IS. Torg prentfélag á og rekur blaðaprentvél sem sér um prentun á Fréttablaðinu, Markaðnum og tengdum miðlum.

Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Helga Viðarsdóttir, rekstrarstjóri Torgs, johannahelga@365.is.

Umsóknarfrestur er til og með 19. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
– erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is



SVIÐSSTJÓRI KJARAMÁLASVIÐS EFLINGAR

Efling - stéttarfélag óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjaramálasviðs.

Helstu verkefni

- Stjórnun og skipulag sviðsins
- Þróun og innleiðing á endurbótum verklags við móttöku og afgreiðslu mála
- Samskipti við félagsmenn og atvinnurekendur
- Samstarf við lögmenn félagsins

Hæfniskröfur

- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum
- Þekking á vinnumarkaðsmálum og kjarasamningum
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og þróun verkferla
- Rík samskiptahæfni og þjónustulund
- Skipulagshæfni og frumkvæði
- Íslensku- og enskukunnátta



Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Biskupsstofa er embættisskrifstofa biskups Íslands, þar sem annast er um starfsmannahald vegna presta þjóðkirkjunnar og stuðningur veittur í starfsmannamálum í sóknum, stofnunum og prófastsdæmum.

Hlutverk Biskupsstofu er umfram allt að hvetja og styðja söfnuði, presta og aðrar stofnanir kirkjunnar til að sækja fram í starfi og þjónustu. Biskupsstofa sinnir m.a. í því skyni fræðslumálum, málefnum er varða kærleiksþjónustu, guðfræði og þjóðmál, kirkjutónlist og helgihald, upplýsingamál og samkirkjutengsl.

Starfsmannastefnu Þjóðkirkjunnar má lesa á kirkjan.is.



MANNAUÐSSTJÓRI

Biskup Íslands óskar eftir mannauðsstjóra. Starfið heyrir undir embætti biskups Íslands. Hjá embættinu starfa 137 prestar um land allt og 36 starfsmenn á Biskupsstofu. Enn fremur veitir mannauðsstjóri prófastsdæmum, sóknum og stofnunum þjóðkirkjunnar ráðgjöf og stuðning. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Umsjón með starfsmannahaldi biskupsstofu
- Stuðningur við prófaste vegna starfsmanna í prófastsdæmum
- Yfirumsjón með launagreiðslum
- Tímaskráningar, leyfi og fjarvistir starfsmanna
- Endurmenntun og starfsþróun
- Umsjón með starfsþjálfun djákna- og prestsefna
- Ráðgjöf og stuðningur vegna samskiptamála
- Umsjón með starfsmannahandbók
- Skipulagning verkefna á sviði mannauðsmála í samráði við biskup
- Vinnuvernd
- Fræðsla, námskeið og fyrirlestrahald
- Umbótastarf, nefndarstörf og teymisvinna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða í mannauðsstjórnun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af mannauðsmálum
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg
- Þekking á kjarasamningum og reynsla af túlkun þeirra
- Framúrskarandi samskiptahæfni og framkoma
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og færni til að vinna í hóp
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti



Upplýsingar veita:

Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is og **Inga Steinunn Arnardóttir**, inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Um er að ræða fullt starf. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.


Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.

Starfskjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Ertu að leita að sérfræðingi?

hagvangur.is





Arnarlax ehf. er leiðandi fiskeldisfyrirtæki á Íslandi. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru á Bíldudal, en þar að auki erum við með eldisstöðvar í Tálknafirði og í Patreksfirði. Við leggjum metnað okkar í að vinna í sátt við umhverfi og samfélag og stefnum heilshugar á áframhaldandi uppbyggingu á svæðinu.



ARNARLAX LEITAR AÐ LIÐSAUKA Í ÁHUGAVERÐ STÖRF HJÁ FYRIRTÆKINU

Hjá okkur starfar einvala hópur fólks af báðum kynjum og ýmsum þjóðernum og nú viljum við bæta enn frekar í liðsheildina hjá okkur og leitum að öflugum og metnaðarfullu starfsfólki í neðangreindar stöður.

Hafir þú áhuga á að taka þátt í kraftmikilli uppbyggingu í nýrri og ört vaxandi atvinnugrein þá eru fjölmörg tækifæri hjá okkur til að láta af því verða.

Starfsfólk með skipstjórnar- eða vélstjórnarréttindi

Hæfniskröfur

- Skipstjórnar- eða vélstjórnarréttindi (24m skipstjórnar- og/eða vélstjórnarréttindi)
- Áhugi á fiskeldi og velferð fiska
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Unnið er samkvæmt vaktakerfi, 7 daga vinnulotur og 7 daga frí þess á milli

Helstu verkefni

- Ýmis verkefni á sjó, þar með talið daglegt eftirlit á sjókvíum, fóðurþrómmum, tækjabúnaði báta og fóðurpramma og önnur tilfallandi verkefni við sjódeild fyrirtækisins.
- Umsækjendur þurfa að geta verið sveigjanlegir varðandi skipulag vakta og vinnutíma
- Önnur tilfallandi verkefni

Starfsmaður í seiðaeldi í Tálknafirði

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði fiskeldis er kostur
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Áhugi á fiskeldi og velferð fiska
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Viðkomandi þarf að geta unnið á bakvöktum

Helstu verkefni

- Fóðrun og daglegt eftirlit í seiðaeldi
- Önnur tilfallandi verkefni

Líffræðingur við fiskeldi félagsins í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði

Óskum eftir nýlega útskrifuðum einstaklingi sem hefur áhuga á fiskeldi.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í líffræði
- Áhugi á fiskeldi og velferð fiska
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta (íslenska og enska)
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Helstu verkefni

- Eftirlit og umsjón með líffræðilegum hliðum eldisins
- Viðhald vottana í samstarfi við gæðastjóra
- Fiskiheilbrigði, samskipti við dýralækna
- Skráning niðurstaðna og skýrslugerð
- Aðstoð við upplýsingagjöf til eftirlitsstofnana
- Önnur tilfallandi verkefni




Nánari upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2019.

Starfsfólk óskast í fjölbreytt störf á Norðurlandi vestra



Viltu vera í nálægð við náttúruna á hverjum degi?

Á vef Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að finna upplýsingar um áhugaverð störf í boði í landshlutanum:

www.ssnv.is

Norðurland vestra nær frá Hrutafirði í vestri yfir í Skagafjörð í austri. Þar er að finna fjölskylduvæn samfélög í nálægð við stórbrotna náttúru. Tómsundastarf er fjölbreytt og menningarlífið gróskumikið. Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Tanntæknir / aðstoðarmanneskja tannlæknis óskast

Tannlæknastofa í Kópavogi óskar eftir starfskrafti í 50% starf. Um er að ræða góðan vinnutíma í þægilegu starfsumhverfi, á tannlæknastofu sem sinnir fjölbreyttum tannlækningum. Æskileg er menntun á heilbrigðissviði eða starfsreynsla í sambærilegu starfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í lok september. Trúnaði er heitið vegna umsóknna. **Áhugasamir vinsamlegast sendið ferilskrá á netfangið tanni@haffi.is eða í gegnum vefinn job.is.**



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Framhaldsskólakennarar, 2 stöður

Menntaskólinn í Kópavogi auglýsir eftir framhaldsskólakennurum til kennslu í félagsfræði og tölvufræði. Um er að ræða fulla stöðu í hvorri grein. Kennsla í félagsfræði er vegna afleysingar í eitt ár.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi lokið háskólanámi í kennslugrein sem auglýst er og námi til kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjendur þurfa einnig að hafa góða almenna tölvukunnáttu, vera skipulagðir og hafa færni í mannlegum samskiptum. Þá er góð íslenskukunnátta nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Margrét Friðriksdóttir skólameistari margret.fridriksdottir@mk.is og Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari helgi.kristjansson@mk.is og í síma 594 4000.

Sótt er um störfin á starfartorgi eða í netfang skólameistara og skulu afrit prófskirteina og starfsferilskrá fylgja umsókn. **Umsóknarfrestur er til og með 3. júní n.k.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mk.is.

Skólameistari

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is



Viltu vera memm?

Leikskólar í Mosfellsbæ auglýsa eftir fólki

Leikskólarnir: Hlaðhamrar, Hlíð, Hulduberg, Reykjakot, Leirvogstunguskóli, Krikaskóli, Höfðaberg og Helgafellsskóli auglýsa eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Leikskólakennarar

Leikskólarnir: Hlaðhamrar, Hlíð, Hulduberg, Reykjakot, Leirvogstunguskóli, Krikaskóli Höfðaberg og Helgafellsskóli auglýsa eftir leikskólakennurum frá og með 1. ágúst 2019.

Megin verkefni:

Vinna að uppeldi og menntun barnanna og taka þátt í öðru faglegu starfi innan leikskólans.

Viltu vita meira?

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar www.mos.is/storf og á heimasíðum leikskólanna. Sækja skal um öll störf á ráðningarvef Mosfellsbæjar. Frekari upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi leikskóla.

Deildarstjórar

Hlaðhamrar, Leirvogstunguskóli, Reykjakot, Hulduberg og Helgafellsskóli auglýsa eftir deildarstjórum frá og með 1. ágúst 2019.

Megin verkefni

Vinna að uppeldi og menntun barnanna og skipuleggja faglegt starf deildarinnar. Deildarstjóri skipuleggur og stjórnar starfi deildarinnar og er hluti af stjórnunarteymis leikskólans.

Sérkennslustjórar

Helgafellsskóli og Höfðaberg auglýsa eftir sérkennslustjórum frá og með 1. ágúst 2019.

Megin verkefni

Umsjón með sérkennslu í leikskólum ásamt því að annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf leikskólakennara
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku kunnátta
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Ef ekki tekst að ráða leikskólakennara til starfa kemur til greina fólk með aðra menntun og reynslu.





VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og er hlutverk þess að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu.

Lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar er að að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi vinnustaða og með vinnuvélum og tækjum. Einnig annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum og markvissa aðferða í vinnuverndarstarfi. Vinnueftirlitið tekur jafnframt þátt í rannsóknarstarfi á sviði vinnuverndar.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.

Framtíðarsýn Vinnueftirlitsins fram til 2023 ásamt stefnu hefur verið sett fram. Nýtt skipuriti tók gildi 15. maí 2019 þar sem gert er ráð fyrir nýjum störfum sviðsstjóra sem hér eru auglýst laus til umsóknar.

Gert er ráð fyrir að þeir stjórnendur sem fá það hlutverk að leiða svið stofnunarinnar samkvæmt nýju skipuriti komi að vinnu við stefnumótunina í síðasta hluta hennar til að geta tryggt skilvirka og hraða innleiðingu nýrrar stefnu.

Sviðsstjórar hjá Vinnueftirlitinu

Vinnueftirlitið leitar af kraftmiklum leiðtogum í störf sviðsstjóra þriggja fagsviða samkvæmt nýju skipuriti stofnunarinnar. Sviðsstjóri veitir fagsviði forystu og er hluti af framkvæmdastjórn Vinnueftirlitsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnu stofnunarinnar á fagsviði sínu.

Um er að ræða mjög áhugaverð og fjölbreytt störf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Allar stöðurnar heyra beint undir forstjóra. Starfshlutfall er 100% og starfsstöðin er í Reykjavík.

Sviðsstjóri fagsviðs sálfélagsslegra þátta vinnuumhverfis, hreyfi- og stoðkerfis og heilsueflingar

Sviðið ber ábyrgð á fyrirtækjaeftirliti með sálfélagsslegum þáttum vinnuumhverfis, hreyfi- og stoðkerfis og heilsueflingar ásamt því að sinna fræðslu og kynningarstarfi og rannsóknum á þessu sviði.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni starfsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Markmiðasetning og mat á árangri.
- Mannauðsstjórnun á sviðinu.
- Innri og ytri samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnun rekstrar og mannauðs.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð leiðtogahæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagshæfni.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Reynsla á sviði vinnuverndar, þ.m.t. öryggismál, er æskileg.
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku.
- Góð tölvufærni.

Sviðsstjóri fagsviðs efna, véla og tækja og mannvirkjagerðar

Sviðið ber ábyrgð á fyrirtækjaeftirliti með efnum, vélum og tækjum og mannvirkjagerð ásamt því að sinna fræðslu og kynningarstarfi og rannsóknum á þessu sviði.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni starfsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Markmiðssetning og mat á árangri.
- Mannauðsstjórnun á sviðinu.
- Innri og ytri samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnun rekstrar og mannauðs.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð leiðtogahæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagshæfni.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Reynsla á sviði vinnuverndar, þ.m.t. öryggismál, er æskileg.
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku.
- Góð tölvufærni.

Sviðsstjóri fagsviðs vinnuvéla

Sviðið ber ábyrgð á eftirliti Vinnueftirlitsins með skráningarskyldum vinnuvélum, tækjum og lyftum.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins.
- Undirbúningur, gerð og eftirfylgni starfsáætlana.
- Þátttaka í stefnumótun.
- Markmiðssetning og mat á árangri.
- Mannauðsstjórnun á sviðinu.
- Innri og ytri samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur:


- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er skilyrði.
- Þekking og reynsla af stjórnun rekstrar og mannauðs.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð leiðtogahæfni og góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð skipulagshæfni.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Reynsla á sviði vinnuverndar, þ.m.t. öryggismál, er æskileg.
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku.
- Góð tölvufærni.

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar um störfni veita Hanna S. Gunnsteinsdóttir forstjóri Vinnueftirlits ríkisins (hanna@ver.is) í síma 550 4600 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Sérfræðingur á þróunarsviði

Byggðastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing á þróunarsvið stofnunarinnar. Byggðastofnun rekur gagnagrunn á sviði byggðamála og eitt af meginmarkmiðum með honum er að gera byggðatengdar upplýsingar aðgengilegar í gegnum vef. Notaður er PostgreSQL gagnagrunnur og Apache vefþjónn sem keyrðir eru á Linux.

Leitað er að starfsmanni til að viðhalda og þróa gagnagrunninn, uppfæra og bæta við nýjum byggðatengdum upplýsingum ásamt áframhaldandi þróun á framsetningu í gegnum vef. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af landupplýsingakerfum, sé vanur að vinna með gögn og setja fram upplýsingar á myndrænan hátt. Einnig er þekking á vefsíðugerð eða vefforritun æskileg.

Þá þarf viðkomandi að eiga auðvelt með að túlka upplýsingar og setja niðurstöður fram í ræðu og riti. Einnig þarf viðkomandi að vera tilbúinn til að vinna að öllum þeim þáttum byggðamála sem þróunarsviðið sinnir.

Hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi.
- Færni í að vinna með gögn.
- Reynsla af landfræðilegum upplýsingakerfum.
- Reynsla af vefsíðugerð eða vefforritun.
- Reynsla af notkun á gagnagrunnum.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Hæfileiki til að koma fyrir sig orði munnlega og skriflega.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF).

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k. og skulu umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendar til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða á netfangið: postur@byggdastofnun.is

Nánari upplýsingar veitir Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs, sími 455 5400 eða 895 8653.

Byggðastofnun hefur það að markmiði að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn, konur jafnt sem karla. 28 manns starfa hjá stofnuninni sem hefur á að skipa vel menntuðu fólki með fjölbreytta reynslu.

Byggðastofnun mun á árinu 2020 taka í notkun nýtt húsnæði fyrir starfsemi sína þar sem aðbúnaður allur verður eins og best gerist.

Sauðárkrókur er höfuðstaður Skagafjarðar og einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar. Þar er fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Fjölbreytt þjónusta er í boði, góðir skólar á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla, kröftugt menningarlíf og öflugt íþróttalíf. Íbúar Sauðárkróks eru um 2.600 talsins.



BYGGÐASTOFNUN

Byggðastofnun | Ártorg 1 | 550 Sauðárkrókur

Sérfræðingur við verkefnið

Skólar á grænni grein

Grænfánaverkefni Landverndar

Landvernd óskar eftir að ráða sérfræðing við verkefnið Skólar á grænni grein - Grænfánaverkefnið. Verkefnið er alþjóðlegt menntaverkefni um umhverfismál og sjálfbærni sem rekið er í hátt í 200 skólum á öllum skólastigum á Íslandi. Um er að ræða 75% stöðu frá 1. september 2019 með möguleika á aukningu á árinu 2020.

Ítarlegri upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Landverndar, landvernd.is.

Umsókn og frestur

Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og greinagerð þar sem ástæða umsóknar eru útlustuð, hæfni viðkomandi til að gegna starfinu er lýst ásamt upplýsingum um tvo meðmælendur. Umsóknir skulu sendar á caitlin@landvernd.is merktar „Grænfánaumsókn“.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2019

Nánari upplýsingar veitir

Katrín Magnúsdóttir
verkefnisstjóri
Skóla á grænni grein,
katrin@landvernd.is, s. 552-5242.



GRINDAVÍKURBÆR

Tónlistarskólinn í Grindavík auglýsir eftirfarandi stöður lausar

Tónlistarskólinn í Grindavík er nýlegur skóli byggður og hannaður sem tónlistarskóli, skólinn er vel útbúinn og starfsaðstaða öll til fyrirmyndar. Skólinn er ásamt bókasafni viðbygging við grunnskóla staðarins og innangengt á milli sem gerir það að verkum að auðvelt er að hefja skólalaginn strax að morgni. Tónlistarskólinn í Grindavík sér um forskólakennslu í 1. – 3. bekk grunnskólans, hljóðfærakennslu í 4. bekk og býður upp á valgreinar í 7. – 10. bekk ásamt hefðbundnu hljóðfæranámi og fræðigreinum. Heimasíða skólans er: <http://www.grindavik.is/tonlistarskoli>

Aðstoðarskólastjóri í 50% stöðu

Aðstoðarskólastjóri þarf að geta starfað sjálfstætt og verið staðgengill skólastjóra. Mikilvægt er að viðkomandi sé opin fyrir nýjungum í þróun skólans. Nú er þróunarverkefni í gangi við tónlistarskólann þar sem eftirfylgniaðferð er nýtt við heimanám nemenda. Aðstoðarskólastjóri er meðkennsluskyldu.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun tónlistarkennara (tónl.kenn. III skv. kjarasamn. FT/FÍH) eða meiri er æskileg
- Færni á tölvur og spjaldtölvur nauðsynleg
- Menntun og/eða reynsla af stjórnunarstörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Færni og reynsla af píanókennslu og undirleik er kostur
- Mikilvægt er að viðkomandi sé opin fyrir nýjungum í þróun skólans

Rytmískur tónlistarkennari í 50% stöðu

Starfið fellst í kennslu á slagverk, umsjá með skólahljóm-sveit nemenda og kennslu í litlum hópum nemenda í 4. bekk. Nú er þróunarverkefni í gangi við tónlistarskólann þar sem eftirfylgniaðferð er nýtt við heimanám nemenda.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun tónlistarkennara (tónl.kenn. III skv. kjarasamn. FT/FÍH) eða meiri er æskileg
- Færni á tölvur og spjaldtölvur nauðsynleg
- Reynsla af tónlistarkennslu æskileg
- Færni á önnur rytmísk hljóðfæri æskileg
- Þekking og reynsla af hljóðupptökum er æskileg
- Mikilvægt er að viðkomandi sé opin fyrir nýjungum í þróun skólans

Upplýsingar um störfin gefur skólastjóri, Inga Þórðardóttir og hægt er að ná í hana í síma 420-1133 eða á netfanginu inga@grindavik.is Umsóknum skal skilað ásamt ferilskrá á sama netfang.

Umsóknarfrestur er til 25. maí 2019.

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa hefur í rúma tvo áratugi verið leiðandi í þjónustu við börn, þróun vandaðra vinnubragða og innleiðingu gagnreyndra aðferða. Stofnunin stendur á tímamótum vegna aukinna verkefna og eftirspurnar eftir þjónustu og leitar að öflugum sérfræðingum til starfa.

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

Sérfræðingur á ráðgjafar- og fræðslusvið

Ráðgjafar- og fræðslusvið stýrir og skipuleggur ráðgjöf og fræðslu fyrir barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra, veitir samstarfsaðilum og almenningi leiðbeiningar um barnavernd og stýrir fræðslu, þróun og innleiðingu aðferða við vinnslu barnaverndarmála. Auk þess heldur sviðið utan um vinnslu tölfraðilegra upplýsinga fyrir Barnaverndarstofu og stýrir gerð ársskýrslu stofunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa um meistaraþróf eða sambærilegt þróf af heilbrigðis- eða félagssviði.
- Krafa um þekkingu á starfi barnaverndar, reynsla af barnaverndarstarfi æskileg.
- Hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla af úrvinnslu tölfraðilegra upplýsinga æskileg.

Sérfræðingur á meðferðar- og fóstursvið

Meðferðar- og fóstursvið stýrir skipulagi meðferðarstarfs vegna hegðunar-, tilfinninga- og vímuefnavanda barna, þjálfar verðandi fósturforeldra og metur umönnunar- og meðferðarþörf barna við afgreiðslu umsókna barnaverndarnefnda um fósturheimili og meðferð. Auk þess veitir sviðið barnaverndarnefndum, fósturforeldrum, meðferðaraðilum á vegum Barnaverndarstofu og öðrum fagaðilum ráðgjöf vegna meðferðar- og fósturmála. Sviðið ber jafnframt ábyrgð á gæðaeftirliti með þjónustu við börn sem dvelja á fóstur- eða meðferðarheimilum og veitir leiðbeiningar um slíka þjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa um meistaraþróf eða sambærilegt þróf af heilbrigðis- eða félagssviði.
- Þekking og hæfni til að meta upplýsingar barnaverndarnefnda og annarra fagaðila um umönnunar- og meðferðarþörf barna.
- Reynsla af meðferðarvinnu eða foreldrafærniþjálfun sem nýtist í starfi og/eða fósturmálum er æskileg.
- Reynsla af barnaverndarstarfi er æskileg.

Tvær stöður sálfræðinga á Stuðlum



Stuðlar veita börnum á aldrinum 12 – 18 ára bráðþjónustu og sérhæfða meðferð vegna alvarlegs hegðunar-, tilfinninga- og vímuefnavanda. Störf sálfræðinga á Stuðlum taka nú breytingum og eru tvær nýjar stöður lausar til umsóknar.

Sálfræðingar Stuðla munu hafa umsjón með greiningu og meðferð vegna barna á meðferðardeild, þar með talið fjölskyldumeðferð og eftirmeðferð, sinna ráðgjöf og handleiðslu og eiga samvinnu við starfsfólk Stuðla, barnaverndarnefnda, skóla, heilbrigðisstofnana og aðra samstarfsaðila. Einnig munu sálfræðingar Stuðla bera ábyrgð á og veita sálfræðisþjónustu við önnur meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu og bera ábyrgð á frummati og ráðgjöf vegna barna sem eru neyðarvístuð á lokaðri deild Stuðla.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding sem sálfræðingur á Íslandi.
- Þekking á innleiðingu og viðhaldi gagnreyndra aðferða í meðferðarstarfi og mati á meðferðarþörf er æskileg.
- Færni til að handleiða og eiga samvinnu við samstarfsfólk innan stofnunar sem utan.
- Sérmenntun í meðferðarvinnu sem nýtist í starfi er æskileg.
- Þekking, reynsla og færni í greiningarvinnu, hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.

Nýtt teymi í fjölkerfameðferð (MST)



MST er meðferð fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunar-, tilfinninga- og vímuefnavanda. Meðferðin fer fram á heimili og í nærumhverfi fjölskyldunnar í samstarfi við starfsfólk barnaverndarnefnda, skóla, heilbrigðisstofnana og aðra sérfræðinga.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir MST meðferð stendur til að bæta við þriðja meðferðarteyminu og er því auglýst eftir sérfræðingum í eftirfarandi stöður:

Staða teymisstjóra í MST

Teymistjóri sinnir daglegri umsjón og faglegri stjórnun MST teymis og stýrir vikulegri faghandleiðslu og klínískri starfsþróun MST þerapista samkvæmt aðferðafræði MST. Einnig metur teymisstjóri meðferðarþörf, fjallar um stigskipta þjónustu og umsóknir um meðferð í samráði við aðra sérfræðinga Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda. Teymisstjóri tekur þátt í faglegri þróun og fræðslu og samráði við erlendan MST sérfræðing um gæði í meðferð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa um sálfræðing með löggildingu eða einstakling með meistaraþróf og að lágmarki tveggja ára þjálfun og reynslu af klínískri vinnu, aðra en af störfum í MST.
- Sérmenntun í meðferðarvinnu sem nýtist í starfi er æskileg.
- Reynsla af störfum við MST meðferð er æskileg.
- Krafa um þekkingu, reynslu og færni í greiningarvinnu, hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.

Sálfræðingar / félagsráðgjafar í tvær stöður MST-þerapista

MST þerapisti sinnir meðferð fjölskyldna og barna í nærumhverfi undir stjórn teymisstjóra í samvinnu við lykilaðila, gerir meðferðaráætlanir, tekur þátt í vikulegri faghandleiðslu teymis og klínískri starfsþróun með teymisstjóra og erlendum MST sérfræðingi. Þerapisti heldur meðferðarfundum og er aðgengilegur forsjáaraðilum barns í síma innan umsamins sveigjanlegs vinnutíma.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Krafa um meistaraþróf og löggildingu/starfsréttindi sem sálfræðingur eða félagsráðgjafi.
- Krafa um þekkingu og færni í hugrænni atferlismeðferð, fjölskyldumeðferð, atferlismótun og félagsnámskenningum.
- Sérmenntun í meðferðarvinnu sem nýtist í starfi er æskileg.

Nánari upplýsingar um störf og kröfur til umsækjenda má finna á Starfatorgi, www.starfatorg.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Tekið er mið af jafnréttisáætlun Barnaverndarstofu við ráðningar á stofuna.

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Guðrúnu Sigurjónsdóttur, mannauðsstjóra Barnaverndarstofu, í síma 530 2600 eða gudruns@bvs.is.

Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá birtingu ef starf losnar að nýju innan þess tíma.



Hugbúnaðarsérfræðingur

Rannís óskar eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í hönnun, hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna- og upplýsingakerfum fyrir Rannís.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Þekking og reynsla á PHP, SQL, JavaScript og Java er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðstjóri rannsóknar- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5801 eða í netfangi sigurdur.bjornsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til með 3. júní 2019.

Sækja skal um á vefsíðu Rannís: www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/ og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið.

Rannís er líflægur vinnustaður með nálægt 50 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stöðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og styðja þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.



rannís

Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNÓTBKÓGUR grafiak hönnun



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi og stöður kennara á elsta stigi frá og með næsta hausti.

Meðal kennslugreina á elsta stigi eru stærðfræði, tungumál og náttúrufræði.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólalastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Leitað er að einstaklingum með grunnskólakennararéttindi, áhuga á teymisvinnu og góða hæfni í samskiptum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 26. maí 2019 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2019.

Sótt er um stöðurnar á vef Sveitarfélagsins Árborgar, <http://www.arborg.is>, laus störf.

Skólastjóri

SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR – SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR EFTIRFARANDI STÖRF LAUS TIL UMSÓKNAR:

Stöðu forstöðumanns skólaþjónustunnar

sem auk stjórnunar stofnunarinnar, sinnir einnig að hluta sérkennsluráðgjöf í grunnskólum á svæðinu. Krafist er menntunar í sérkennslufræðum auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynsla á sviði kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Menntun og reynsla á sviði stjórnunar og kennsluráðgjafa í grunnskólum er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina náms-erfiðleika nemenda á því skólastigi. Um er að ræða 100% starf.

Stöðu kennsluráðgjafa í grunnskólum.

Leitað er að ráðgjafa í sérkennslu og almennri kennslu. Krafist er menntunar á sviði sérkennslu auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynsla af kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Reynsla af kennsluráðgjöf er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námserfiðleika nemenda í grunnskólum. Um er að ræða 70 - 100% starf.

Skólaþjónustan veitir tíu leik- og grunnskólum á svæðinu lögbundna sérfræðiþjónustu. Við stofnunina starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem samanstendur af forstöðumanni, kennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi. Sérfræðingar skólaþjónustunnar eiga í nánun og góðu samstarfi við starfsfólk félagsþjónustunnar með heildarhagsmunum barna og unglinga að leiðarljósi.

Leitað er að áhugasömum og jákvæðum einstaklingum sem búa yfir afbragðsgóðri samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og sveigjanleika og frumkvæði í starfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands vegna starfsmanna á skólaskrifstofum.

Umsóknarfrestur er til 15. júní nk., en gert er ráð fyrir að ráða í störf frá og með 1. ágúst. Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrám berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumanns, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Nánari upplýsingar veitir Edda í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 862-7522.



Vilt þú slást í hópinn?

EFLA verkfræðistofa leitar að öflugum starfsmanni í ráðgjafateymi í umhverfis- og skipulagsmálum.

Verkefnisstjóri í mati á umhverfisáhrifum.

Við leitum að verkefnisstjóra/sérfræðingi í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Um framtíðarstarf er að ræða.

Hæfniskröfur:

- M.Sc. gráða á sviði náttúruvísinda eða annarra raunvísinda og sérþekking á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda er nauðsynleg.
- 5 ára starfsreynsla á sviði mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlaða er æskileg.
- Reynsla í verkefnisstjórnun og þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum er mikilvæg.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar og góð færni í textagerð.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vefsíðu EFLU, epla.is/laus-storf/ fyrir 31. maí næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og þær geymdar í sex mánuði, nema umsækjandi óski eftir að þeim verði eytt fyrr.

Umsóknarfrestur
31. maí 2019

Nánari upplýsingar
412 6000 eða job@epla.is

Konur jafnt sem karlar eru
hvött til að sækja um starfið

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafar fyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild um 400 samhentra starfsmanna.

BAADER-MANN vantar á llivileq (áður Guðmundur í Nesi)

Arctic Prime Fisheries óskar eftir að ráða Baader-mann á llivileq í næstu veiðiferð sem hefst þriðjudaginn 21. maí n.k.

Nánari upplýsingar gefa: Páll Þórir Rúnarsson skipstjóri
í síma 843-4275 Pálmi Hafþór Ingólfsson starfsmannstjóri
í síma 849-0261



Stéttafélagið
stettafelagid.is

Smiður óskast í fullt starf

Óskum eftir reyndum smið í fullt framtíðarstarf. Fjölbreytt verkefni í boði, og verkefnastaða næstu ára er mjög góð. Um er að ræða uppsteypu og nýbyggingar, pallasmíði, leiktæki og búnaður á skólalóðum ofl.. Samkeppnishæf kjör í boði. Sveinspróf og íslenskukunnátta eru skilyrði. Um er að ræða smíðadeild innan fyrirtækisins.

SUMARSTARF - hellulagnir, jarðvinna og yfirborðsfrágangur

Óskum eftir sumarstarfsmönnum í fjölbreytt störf - s.s. hellulagnir, gangstéttarsteypa, jarðvinna og yfirborðsfrágangur. Fjölbreytt starf, og næg vinna í boði. Reynsla af lóðavinnu er kostur, en alls ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Elvar í síma 866-8125.
Netfang: elvar@stettafelagid.is



PK VERK
www.pkverk.is

PK verk ehf. er öflugt vertakafyrirtæki sem á rætur sínar að rekja til ársins 1973. Fyrirtækið annast ýmis verkefni í mannvirkjagerð, vegagerð, veitulögnum og húsbýggingum fyrir opinbera aðila og einstaklinga. Fjöldi starfsmanna yfir árið er breytilegur eftir verkefnastöðu en er að meðaltali 30 manns.

PK verk leitar að starfsfólki

Verkstjóri í jarðvinnu

PK verk ehf. óskar eftir að ráða verkstjóra í jarðvinnuverkefni. Starfið er fjölbreytt og að mestu leyti innan höfuðborgarsvæðisins. Framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking úr faginu nauðsynleg.
- Meirapróf og vinnuvélaréttindi
- Mjög góð hæfni í samskiptum
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Frumkvæði í starfi
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Vörubílstjórar og gröfumenn

PK verk ehf. óskar eftir að ráða vörubílstjóra og gröfumenn til starfa. Fyrirtækið hefur í eigu sinni vörubíla og gröfur af ýmsum gerðum og stærðum. Framtíðarstarf.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf og vinnuvélaréttindi
- Mjög góð hæfni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Snyrtimennska
- Reglusemi og stundvísi.

Senda skal ferilskrár á pkverk@pkverk.is. Nánari upplýsingar veitir Pétur í síma 554-1111



Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn leitar að kraftmiklum og jákvæðum einstaklingum í fjölbreytt störf.

Safnið er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Aðföng og skráning	Þjónusta og miðlun	Þjónusta og miðlun
<p>Bókasafns- og upplýsingafræðingur</p> <p>Helstu verkefni eru skráning, lykklun og flokkun í Gegni, vinna við nafnmyndastjórnun og efnisorð, samskipti og upplýsingamiðlun m.a. í gegnum Handbók skrásetjara ásamt þátttöku í átaks- og þróunarverkefnum með öðrum söfnum og Landskerfi bókasafna. Um fullt starf er að ræða</p> <p>Menntunar- og hæfniskröfur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi • Þekking á RDA skráningarreglum og skráningarleyfi í Gegni er kostur • Góð tölvukunnátta og hæfni til að tileinka sér nýjungar í upplýsingatækni • Sjálfstæði, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og lipurð í samskiptum • Góð íslenskukunnátta 	<p>Bókasafns- og upplýsingafræðingur</p> <p>Helstu verkefni eru notendafræðsla, kynningar og kennsla, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga, aðstoð við upplýsinga- og heimildaleitir, vaktir í upplýsingaþjónustuborði safnsins ástamt því að starfsmaður tekur þátt í að móta og þróa upplýsingaþjónustu safnsins. Um fullt starf er að ræða</p> <p>Menntunar- og hæfniskröfur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi • Reynsla af notendafræðslu eða kennslu er kostur • Áhugi á rafrænum upplýsingum og vilji til að fylgjast með nýjungum á því sviði • Góð tölvufærni og tungumálakunnátta (íslenska, enska) • Rík þjónustulund og lipurð í samskiptum • Frumkvæði og metnaður 	<p>Bókaverðir</p> <p>Helstu verkefni eru útlán og ýmis þjónusta við notendur í þjónustuborðum safnsins, uppröðun bóka á hæðum og í kjallara. Unnið er á vöktum en safnið er opið fram á kvöld og um helgar frá ágústlokum og fram í maí. Um er að ræða tvö störf í vaktavinnu, annað er fullt starf, hitt 50% starf.</p> <p>Menntunar- og hæfniskröfur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Stúdentspróf • Rík þjónustulund og lipurð í samskiptum • Góð tölvufærni og tungumálakunnátta (íslenska, enska) • Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum • Reynsla af starfi á bókasafni er kostur • Þekking á bókasafnskerfinu Gegni er kostur

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um störfin rafrænt á Starfatorgi starfatorg.is til og með 3. júní.

Nánari upplýsingar veita Ragna Steinarsdóttir, sviðsstjóri Aðfangasviðs, ragnas@landsbokasafn.is og Guðrún Tryggvadóttir, sviðsstjóri Þjónustu- og miðlunarsviðs gudrun@landsbokasafn.is

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík. S. 525 5600



PÍPARAR

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.

Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mannvirkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.

Vegna aukinna verkefna óskar ÍAV eftir að ráða pípara til starfa á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.

Ráðið verður í eftirfarandi stöður: Verkstjóri/pípari/nemi/þjónusta.

Í boði er:

- Góð verkefnastaða
- Góð laun fyrir rétta aðila
- Góður aðbúnaður

Nánari upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson fagstjóri lagna í síma 660-6201.

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is

Við breytum vilja í verk



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

MYNDLISTASKÓLINN

ÁFANGA- OG MARKAÐSSTJÓRI

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir starf áfanga- og markaðsstjóra laust til umsóknar. Áfanga- og markaðsstjóri heldur utan um skráningar og námsferla nemenda í námsumsjónarkerfinu inna.is, sér um vefsíðu, samfélagsmiðla og annað kynningarefni skólans og hefur samskipti við fjölmiðla og aðra auglýsendur.

Við leitum að einstaklingi með menntun í myndlist eða hönnun, góða almenna tölvukunnáttu, hagnýta þekkingu á samfélagsmiðlum, gott vald á íslensku og ensku og áhuga á markaðsmálum. Jákvæðni og samstarfslipurð, skipulagshæfileikar og nákvæmni eru nauðsynlegir kostir. Um fullt starf er að ræða og er það laust frá og með miðjum ágúst.

Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem forsendur umsóknar og framtíðarsýn umsækjanda koma fram. Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans eða á netfangið umsoknir@mir.is fyrir kl. 16:00 föstudaginn 31. maí.

Upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skolastjori@mir.is.

Í REYKJAVÍK



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Fjármálastjóri	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafj./Patreksfj.	201905/1062
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Raunvísindadeild	Reykjavík	201905/1061
Gagnagrunnsstjóri	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201905/1060
Bókasafns- og upplýsingafr.	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201905/1059
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn í Kópavogi	Kópavogur	201905/1058
Móttökuritari	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Grundarfjörður	201905/1057
Sérfræðingur á sviði varðveislu	Þjóðminjasafn Íslands	Kópavogur	201905/1056
Sérfræðingur á sviði miðlunar	Þjóðminjasafn Íslands	Kópavogur	201905/1055
Iðjubjálfi/sjúkrabjálfi	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201905/1054
Sálfræðingur	Barnaverndarstofa, Stuðlar	Reykjavík	201905/1053
Sérfræðingur	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201905/1052
Teymisstjóri-MST	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201905/1051
Sálfræðingur/félagsráðgjafar-MST	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201905/1050
Sérfræðingur	Barnaverndarstofa	Reykjavík	201905/1049
Starf á skrifstofu yfirstjórnar	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201905/1048
Sjúkraliði/sóttthreinsitæknir	Landspítali, skurðstofur	Reykjavík	201905/1047
Sálfræðingur barna	Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	Mosfellsbær	201905/1046
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Efstaleiti	Reykjavík	201905/1045
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Mjódd	Reykjavík	201905/1044
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201905/1043
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201905/1042
Ritari	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201905/1041
Verkefnastjóri	Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201905/1040
Kennsluráðgjafi	Háskóli Íslands, kennslusvið	Reykjavík	201905/1039
Kennari í lífsleikni	Menntaskólinn á Egilsstöðum	Egilsstaðir	201905/1038
Kennari í dönsku	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201905/1037
Kennari í eðlisfræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201905/1036
Kennari í stærðfræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201905/1035
Sérkennari	Fjölbrautaskóli Suðurlands	Selfoss	201905/1034
Teymisstjóri geðheilbrigðisteymis	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201905/1033
Eftirlitsmaður	Vinnueftirlitið	Egilsstaðir	201905/1032

Mannauðsstjóri

Rauði krossinn á Íslandi auglýsir eftir mannauðsstjóra

Helstu verkefni

- Þróun og viðhald mannauðsstefnu og ferla í mannauðsmálum
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Aðstoð við ráðningar og starfslok
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður starfsmanna
- Umsjón með sí- og endurmenntun starfsmanna
- Ábyrgð á rekstri mötuneytis, afgreiðslu og húseignar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun í mannauðsstjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðsstjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í störfum, faglegur metnaður, frumkvæði og góð skipulagshæfni

Mannauðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra félagsins.

Umsóknafrestur er til 3. júní n.k. Umsóknir skulu sendar á netfangið starf@redcross.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Krístrún Pétursdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, kristrun@redcross.is.



RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

Stytttri viðvera

Leikskólakennarar

kennarar með leyfisbréf
til kennslu í leikskóla

fullt starf er sex tíma viðvera á deild

auk tíu tíma undirbúningstíma á viku sem
unnir eru samkvæmt samkomulagi
hverju sinni

Aðalþing er einkarekinn leikskóli í Kópavogi,
sem leggur áherslu á margskonar
þróunarstarf, skemmtilega nýbreytni og
starfar í anda Reggio Emilia.

Í skólanum starfar fjöldi fagmanna og
undanfarið skólaár var unnið samkvæmt nýju
skipulagi á undirbúningstímum.
Það er einróma mat kennaranna að nýja
skipulagið á vinnutímanum bæti skólafarfið
og auki lífsgæði.
Nú viljum við fjölga kennurum sem býðst að
vinna samkvæmt þessu kerfi.

Við óskum eftir fólki með starfsréttindi
leikskólakennara,
sem hefur góða samskiptahæfni
og brennandi áhuga.

Umsóknarfrestur er til 30. maí.

Upplýsingar veitir Hörður leikskólastjóri í
síma 5150930
eða á netfanginu hordur@adalthing.is



LEIKSKÓLINN
AÐALÞING



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Staða ráðgjafa í móttöku og kennslu grunnskólabarna sem hafa íslensku sem annað tungumál

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf ráðgjafa á sviði máls og læsis. Ráðgjafinn mun starfa í Miðju máls og læsis, sem heyrir undir skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Hlutverk Miðju máls og læsis er að veita fræðslu og ráðgjöf um þróun faglegra starfshátta sem stuðla að hvetjandi mál- og læsisumhverfi fyrir börn í leikskólum, grunnskólum og í frístundarstarfi. Staðan felur í sér móttöku og mat á námsstöðu þeirra nemenda í grunnskólum borgarinnar sem nýfluttir eru til landsins. Ráðgjafi fylgir matinu eftir með kennsluáætlunum, ráðgjöf og fræðslu.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólabókasafna og skólahljómsveita. Næsti yfirmaður ráðgjafa er deildarstjóri Miðju máls og læsis.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hafa yfirumsjón með mati á námsstöðu nemenda:
 - Styðja kennara í að gera alhliða mat á námsstöðu nemenda skv. matstæki að sænskri fyrirmynd
 - Gera mat á námsstöðu nemenda skv. matstæki að sænskri fyrirmynd
- Útbúa kennsluáætlanir og/eða aðstoða kennara við gerð þeirra
- Veita starfsfólki í grunnskólum ráðgjöf og stuðning vegna móttöku nemenda og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í samstarfi við aðra starfsmenn Miðju máls og læsis
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir starfsfólks skóla
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastafi
- Samstarf við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðva

Hæfniskröfur

- Leyfi til að starfa sem grunnskólakennari
- Framhaldsháskólamenntun í menntunarfræðum eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af grunnskólakennslu
- Reynsla af móttöku og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli
- Reynsla af kennsluráðgjöf æskileg
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um þekkingu og reynslu af móttöku og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf grunnskólakennara, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt eða tekið þátt í og annað er málið varðar.

Um er að ræða fullt starf í þróunarverkefni til þriggja ára. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Hægt er að sækja um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóra Miðju máls og læsis, í síma 411 1111 eða á netfangið: drofn.rafnsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Verkstjóri á Standsetningu

Toyota Kaupúni leitar að metnaðarfullum einstaklingi í framtíðarstarf verkstjóra á Standsetningu. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Verkstjórn
- Verkskipulag og samskipti við aðrar deildir
- Þrif og standsetning bíla
- Mannaforráð
- Skráning nýrra bíla

Hæfniskröfur

- Leiðtogahæfni
- Góð tölvukunnátta
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni, vinnugleði og rík þjónustulund

Hægt er að sækja um á vef félagsins www.toyota.is/storf. Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. maí 2019.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

www.toyotakaupuni.is info@toyota.is



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Staða ráðgjafa í móttöku og kennslu grunnskólabarna sem hafa íslensku sem annað tungumál

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf ráðgjafa á sviði máls og læsis. Ráðgjafinn mun starfa í Miðju máls og læsis, sem heyrir undir skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Hlutverk Miðju máls og læsis er að veita fræðslu og ráðgjöf um þróun faglegra starfshátta sem stuðla að hvetjandi mál- og læsisumhverfi fyrir börn í leikskólum, grunnskólum og í frístundarstarfi. Staðan felur í sér móttöku og mat á námsstöðu þeirra nemenda í grunnskólum borgarinnar sem nýfluttir eru til landsins. Ráðgjafi fylgir matinu eftir með kennsluáætlunum, ráðgjöf og fræðslu.

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólabókasafna og skólahljómsveita. Næsti yfirmaður ráðgjafa er deildarstjóri Miðju máls og læsis.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hafa yfirumsjón með mati á námsstöðu nemenda:
 - Styðja kennara í að gera alhliða mat á námsstöðu nemenda skv. matstæki að sænskri fyrirmynd
 - Gera mat á námsstöðu nemenda skv. matstæki að sænskri fyrirmynd
- Útbúa kennsluáætlanir og/eða aðstoða kennara við gerð þeirra
- Veita starfsfólki í grunnskólum ráðgjöf og stuðning vegna móttöku nemenda og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli í samstarfi við aðra starfsmenn Miðju máls og læsis
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir starfsfólks skóla
- Skipuleggja og annast fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við starfsfólk í skóla- og frístundastafi
- Samstarf við sérfræðiþjónustu skóla á þjónustumiðstöðva

Hæfniskröfur

- Leyfi til að starfa sem grunnskólakennari
- Framhaldsháskólamenntun í menntunarfræðum eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af grunnskólakennslu
- Reynsla af móttöku og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli
- Reynsla af kennsluráðgjöf æskileg
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurd og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um þekkingu og reynslu af móttöku og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf grunnskólakennara, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt eða tekið þátt í og annað er málið varðar.

Um er að ræða fullt starf í þróunarverkefni til þriggja ára. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2019.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.


Hægt er að sækja um starfið á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóra Miðju máls og læsis, í síma 411 1111 eða á netfangið: drofn.rafnsdottir@reykjavik.is

Sveinar og meistarar óskast

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir faglærðum sveinum og meisturum í húsasmíði

Frekari upplýsingar:
kristinn@h45.is /
hlynur@h45.is
697 8910 / 694 9922
H45 verktakar



STÁL~ORKA

SKIPAVIÐGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

Stálorka óskar eftir

lærðum máliðnaðarmönnum til framtíðarstarfa, aðalstarfsvið er viðgerðir og endurbætur á skipum, einnig vantar menn vönum smíði á ryðfríu stáli. Hægt er að senda inn umsóknir á stalorka@simnet.is eða hafa samband við Benedikt í síma 8927687



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntun og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.



Bilanagreininir á verkstæði

Við óskum eftir bifvélavirkja til þess að sinna bilanagreiningum. Í boði er björt og glæsileg vinnuástaða og endurmenntun til að viðhalda þekkingu og tileinka sér nýjustu tækni. Verkstæðið er tæknilega mjög vel útbúið samkvæmt stöðlum framleiðenda.

Hæfniskröfur:


- Bifvélavirkjamenntun
- Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Gott tölvulæsi, unnið er með rafrænar verkbeiðnir og hluti af þjálfun er rafræn
- Bílpróf
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga kl. 8-17 og föstudaga kl. 8-16.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí.

Nánari upplýsingar veitir Hermann G. Jónsson deildarstjóri verkstæðis: hermann.jonsson@bl.is

Sótt er um starfið á www.bl.is/atvinna.



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is



BL státar af einu stærsta og glæsilegasta bifreiðaverkstæði landsins. BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglegra þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá votttaðar staðfestingar eða graður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarpjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannarir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaþrófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæði að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa



Verkís leitar að öflugum liðsmanni á Austurlandi

Verkís óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing eða byggingartæknifræðing í starfsstöð fyrirtækisins á Austurlandi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur / byggingartæknifræðingur
- A.m.k. 2 ára starfsreynsla
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita

Björn Sveinsson útibússtjóri, bs@verkis.is

Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar-fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um að ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um**

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2019.



Vesturbyggð

Lausar stöður í skólum Vesturbyggðar

Patreksskóli

Í skólanum eru 99 nemendur ásamt nýrri leikskóladeild.

- Grunnskólakennarar á yngsta- og miðstigi
- Heimilisfræðikennari
- Myndmenntakennari
- Íþróttakennari
- Deildarstjóri leikskóladeildar
- Leikskólakennari

Leikskólinn Araklettur

Leikskólinn starfar á Patreksfirði með 53 nemendum.

- Deildarstjórar
- Leikskólakennarar

Bíldudalsskóli

Sameinaður leik- og grunnskóli. Í skólanum eru 11 nemendur í leikskóla og 35 í grunnskóla.

- Grunnskólakennarar á yngsta og miðstigi
- Íþróttakennari á grunnskólastigi
- Deildarstjóri á leikskólastigi
- Proskapjálfi á leikskólastigi
- Leikskólakennarar

Tónlistarskóli Vesturbyggðar

Skólinn starfar á Patreksfirði og Bíldudal með 80 nemendum.

- Tónlistarkennarar



Umsóknir og nánar um störfin á vefnum storf.vesturbyggd.is

Patreksfjörður og Bíldudalur eru þéttbýliskjarnar Vesturbyggðar og þangað sækja einnig börn úr dreifbýli skóla. Í Vesturbyggð búa rúmlega 1.000 manns. Þar er öflugt atvinnulíf, fjölbreytt þjónusta og gott mannlíf. Náttúruvegur er mikilfengleg, en m.a. Rauðisandur og Látrabjarg eru innan sveitarfélagsins. Möguleikar til útivistar, félagsstarfa, íþróttar og afþreyingar eru fjölmargir.

Vesturbyggð leitar að einstaklingum með tilskilda menntun, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, samskiptahæfileika og hæfni til að sýna ábyrgð og frumkvæði í starfi. Launakjör eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um og koma vestur.

Umsóknarfrestur er til og með **27. maí 2019.**



Sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu.

Skrifstofa heilbrigðisþjónustu annast verkefni sem varða skipulag heilbrigðisþjónustu, sérhæfingu og verkaskiptingu þjónustuaðila. Einnig eru á hennar sviði sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, heilbrigðisþjónusta utan stofnana, hjúkrunar- og dvalarheimili, lækisfræðileg endurhæfing og sjúkratryggingar.

Starfið felst meðal annars í að fylgja eftir uppbyggingu nýrra hjúkrunarheimila, viðbygginga og viðhaldsframkvæmda á heilbrigðisstofnunum þar með talið undirbúning, áætlunargerð, samningagerð og eftirfylgni vegna framkvæmda í samstarfi við m.a. Framkvæmdasýslu ríkisins og Ríkiseignir. Í starfinu felast einnig samskipti við framkvæmda-, eftirlits- og rekstraráðila hjúkrunarheimila auk annarra verkefna sem falla undir málefna sviðið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði, arkitektúr, byggingarfræði eða byggingatæknifræði eða önnur sambærileg menntun.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Þekking á sviði áætlanagerðar, stefnumótunar og markmiðasetningar.
- Þekking á greiningarvinnu og kunnáttu í að miðla upplýsingum með skýrum hætti.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfni til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku, önnur tungumálakunnáttu er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnarsýslu æskileg.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Upplýsingar um starfið veita Elsa B. Friðfinnsdóttir, skrifstofustjóri (elsa.fridfinnsdottir@hrn.is) og Sveinn Bragason, sérfræðingur (sveinn.bragason@hrn.is) í síma 545 8700. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2019. Umsóknum skal skila rafrænt á Starfatorgi – starfatorg.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Heilbrigðisráðuneytið 17. maí 2019

Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kennari

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða dönskukennara fyrir skólaárið 2019-2020. Um er að ræða 50% stöðu á haustönn og 100% stöðu á vorönn.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í dönsku.
- Kennslufræði erlendra tungumála.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Við bjóðum:

- Góða vinnuástöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri gunninga@verslo.is Umsóknarfrestur er til 24. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 930 nemendum. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Framhaldsskóla-kennarar, 2 stöður

Menntaskólinn í Kópavogi auglýsir eftir framhaldsskólakennurum til kennslu í félagsfræði og tölvufræði. Um er að ræða fulla stöðu í hvorri grein. Kennsla í félagsfræði er vegna afleysingar í eitt ár.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi lokið háskólanámi í kennslugrein sem auglýst er og námi til kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjendur þurfa einnig að hafa góða almenna tölvukunnáttu, vera skipulagðir og hafa færni í mannlegum samskiptum. Þá er góð íslenskukunnáttu nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Margrét Friðriksdóttir skólameistari margret.fridriksdottir@mk.is og Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari helgi.kristjansson@mk.is og í síma 594 4000.

Sótt er um störfin á starfatorgi eða í netfang skólameistara og skulu afrit prófskrifteina og starfsferilskrá fylgja umsókn. **Umsóknarfrestur er til og með 3. júní n.k.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.mk.is.


Skólameistari

Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



ORF LÍFTÆKNI LEITAR AÐ KYNNINGARFULLTRÚA GRÆNNAR SMÍÐJU Í GRINDAVÍK (50% STARF)

ORF Líftækni hf. opnar gestastofu Grænu Smiðjunnar í Grindavík 15. júní n.k., þar sem gestir fá að kynna starfsemi gróðurhússins og BIOEFFECT vörum félagsins. Því leitum við að drifandi, skemmtilegum og skipulögðum einstaklingi til að hjálpa okkur að byggja upp fyrsta flokks upplifun fyrir gesti okkar.

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send í gegnum heimasíðuna Alfreð (www.alfred.is) fyrir dagslok 26. maí 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Magnúsdóttir í síma 591-1590.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt þekkingarfyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á lífvísindum, m.a. BIOEFFECT húvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Hjá ORF Líftækni starfar breið flóra fólks, með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu og fyrirtækið leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir jafnt karla sem konur.



HELSTU VERKEFNI

- Uppbygging á starfsemi gestastofunnar
- Kynna og selja ferðir í gróðurhúsið
- Kynna og selja BIOEFFECT húdvörur félagsins
- Sýna framúrskarandi gestrisni
- Tryggja fallega framsetningu á vörum í gestastofunni
- Gæta þess að gestastofan sé snyrtileg

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku (fleiri tungumál eru kostur)
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af kynningarstarfi (leiklistarreynsla kostur)
- Þjónustulund
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
- Þekking á NAV bókhaldskerfinu kostur



RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



Félagsmálaráðuneytið auglýsir til umsóknar þrjár lausar stöður

Stöðurnar sem um ræðir eru staða sérfræðings á skrifstofu barna- og fjölskyldumála, lögfræðings á skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála og lögfræðings á skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar.

Hlutverk skrifstofanna er að undirbyggja stefnumarkandi ákvarðanir ráðherra og hafa heildarsýn yfir þau verkefni sem skrifstofunum er falið.

Um er að ræða mjög áhugaverð og fjölbreytt störf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Starf sérfræðings hjá skrifstofu barna- og fjölskyldumála í félagsmálaráðuneytinu.

Félagsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings í 100% stöðu á skrifstofu barna- og fjölskyldumála. Skrifstofan fer meðal annars með málefni félagsþjónustu og barnaverndar, málefni fatlaðra, aldraðra og flóttamanna.

Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga og reynslu af málefnum barna og félagsþjónustu og er tilbúinn að takast á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Starf lögfræðings á skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála.

Félagsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Helstu verkefni tengjast löggjöf um mannvirki og byggingarmál, húsnæðismál, húsnæðisbætur, sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga, almennar íbúðir, félagslegt íbúðarhúsnæði, stuðning við íbúðarkaup, húsaleigumál, frístundabyggð, fjöleignarhús, húsnæðissjálfsseignarstofnanir, húsnæðissamvinnufélög og byggingarsamvinnufélög. Starfið felst meðal annars í stefnumótun, gerð lagafrumvarpa og reglugerða, þátttöku í nefndarstörfum, verkefnisstjórn, svörun erinda, skýrslugerð, samráði og samstarfi við önnur ráðuneyti, stofnanir, Alþingi, sveitarfélög, samtök aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila á sviði húsnæðis- og mannvirkjamála.

Starf lögfræðings á skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar.

Félagsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar. Meginhlutverk skrifstofunnar er að taka þátt í mótun stefnu stjórnvalda á málefnasviði skrifstofunnar. Enn fremur er skrifstofunni ætlað að hafa yfirsýn yfir framkvæmd stefnu stjórnvalda og fylgja henni eftir, meðal annars með gerð lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna og reglugerða sem og með þátttöku í nefndarstörfum innanlands og erlendis. Lögð er áhersla á gott samráð og samstarf við stofnanir sem starfa á málefnasviði skrifstofunnar, svo sem Vinnuálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins, sem og Alþingi og ýmsa hagsmunaaðila.

Leitað er eftir einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni á sviði vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði í starfi. Um er að ræða fullt starf.

Helstu verkefni tengjast löggjöf á málefnasviði skrifstofunnar, svo sem um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, atvinnuleysisstryggingar, vinnumarkaðsaðgerðir, atvinnuréttindi útlendinga, Ábyrgðasjóð launa og fæðingar- og foreldraorlof.

Félagsmálaráðuneytið, 17. maí 2019

Umsóknarfrestur er til 3. júní 2019.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á starfatorgi

Stjórnarráðsins, www.starfatorg.is

Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið

Dögun

Vélavörður

Dögun ehf. leitar að vélaverði á Dag SK 17.

Leitað er að aðila með réttindi(750 kw). Reynsla af togveiðum æskileg. Afleysingar í nokkra túra eða fast fram á haustið. Þarf að geta byrjað strax.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: oskar@dogun.is og/eða olafur@reyktal.is.

Nánari upplýsingar veitir Óskar Garðarsson í síma 892-1586.

Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.



Forstöðumaður á búsetusviði Akureyrarbæjar

Búsetusvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann í fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf frá og með 15. ágúst eða eftir nánara samkomulagi.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrar. Auglýst er eftir kraftmiklum stjórnanda til að reka búsetuþjónustu fyrir fólk með verulegar fatlanir.

Búsetusvið Akureyrarbæjar sér um að veita fólki fjölbreytta þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu þess og skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu sem og utan, þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingum á högum sem kunna að vera samfara hækkandi aldri, fötlun eða veikindum.

Búsetusvið vinnur eftir hugmyndafræði valdeflingar og þjónandi leiðsagnar. Ætlast er til þess að forstöðumaður tileinki sér og hafi forystu um kennslu og eftirfylgd með þeim hugmyndafræðum sem búsetusvið vinnur eftir á hverjum tíma.

Helstu verkefni:

- Stjórnun, áætlanagerð, rekstur og samhæfing.
- Ber ábyrgð á þjónustueiningum, innra starfi, starfsmannamálum og samskiptum við aðstandendur og samstarfsaðila.
- Ber ábyrgð á starfs-, þjónustu- og rekstraráætlunum eininganna og veitir leiðsögn og ráðgjöf til þjónustunotenda og starfsmanna.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi þarf að hafa lokið BA námi í þroskaþjálfarafræðum eða hafa háskólapróf á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda
- Reynsla og þekking í faglegri og rekstrarlegri stjórnun, áætlanagerð, rekstri, starfsmannahaldi og daglegri stjórnun er æskileg.
- Viðkomandi þarf að hafa góða vitund fyrir sjálfum sér, ríka ábyrgðartilfinningu,
- Vera tilbúinn til að tileinka sér nýjar hugmyndir og hafa metnað í starfi.
- Krafast er að minnsta kosti tveggja ára reynslu af starfi með fólki með þroskahömlun og krefjandi hegðun.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til með 2. júní 2019




Akureyrarbær

Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir



Kennsla



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

Job.is



Í Grunnskóla Þórshafnar eru tæplega 70 nemendur og starfsmenn eru um 25. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugum íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar. Nýr leikskóli er í byggingu og verður tekin í gagnid í sumar Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og Ungmennafélag Langness stendur fyrir öflugum íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



Skólastjóri óskast til starfa við Grunnskólann á Þórshöfn

Langanesbyggð leitar að framfarasinnum, skapandi og farsælum leiðtoga til að stýra Grunnskólanum á Þórshöfn frá og með næsta skólaári.

Skólastjóri er fyrst og fremst faglegur leiðtogi sem þarf að fylkja liði um stefnu skólans og árangursríka starfshætti. Leitað er að bjartsýnum og lausnamiðuðum einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á velferð og framfarir nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra. Skólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauðsmálum og annarri starfsemi skólans og að skólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf grunnskólakennara
- Leiðtogahæfni, metnaður og áhugi á skólaþróun og nýjungum í skólastarfi er skilyrði.
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun er æskileg.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og kennslufræða er æskileg.
- Sérstök áhersla er lögð á að viðkomandi búi yfir lipurð í samstarfi, sveiganleika og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði er kostur
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmst starfinu.

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn hefur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á síðustu árum þar sem lögð hefur verið áhersla á þróun fjölbreyttra kennsluhátta, teymisvinnu og á aukna lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu. Framundan er áframhaldandi spennandi skólaþróun.

Unnið er að því að koma á sameiginlegri skólastjórn Grunnskólans á Þórshöfn og leikskólans Barnabóls. Skólastjórn sér um og stjórnar sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Hvor skólastjóri um sig sinnir daglegri stjórn á hvorum stað en munu m.a. sjá sameiginlega um mannaráðningar og hafa þannig stjórnunarlegan stuðning hvor af öðrum.

Umsóknarfrestur er til **31. maí** og skulu umsóknir sendar rafrænt á netfangið elias@langanesbyggd.is

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Elías Pétursson, sveitarstjóri í síma 4681220 eða 8920989, netfang: elias@langanesbyggd.is

Gunnar Gíslason, ráðgjafi í síma 8921453, netfang: gg@akmennt.is

Sérfræðingur við verkefnið

Skólar á grænni grein

Grænfánaverkefni Landverndar

Landvernd óskar eftir að ráða sérfræðing við verkefnið Skólar á grænni grein - Grænfánaverkefnið. Verkefnið er alþjóðlegt menntaverkefni um umhverfismál og sjálfbærni sem rekið er í hátt í 200 skólum á öllum skólastigum á Íslandi. Um er að ræða 75% stöðu frá 1. september 2019 með möguleika á aukningu á árinu 2020.

Ítarlegri upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Landverndar, landvernd.is.

Umsókn og frestur

